


# Ársskýrsla Festu 2020



# Efnisyfirlit

● Ávarp stjórnarformanns	3
● Ávarp framkvæmdastjóra	5
● Samfélag Festu – skjáskot	7
● Viðburðir og fræðsla	16
● Miðlun	35
● Innra starf	39
● Aðildarfélög Festu í lok árs	50
● Ársreikningur 2020	52

# Ávarp stjórnarformanns

Við erum á tímamótun varðandi sjálfbæra þróun sem munu ráða miklu um framtíð okkar. Við stöndum frammi fyrir gríðarlegri áskorun varðandi loftslagsmál og vistkerfi sem við treystum á.



## Frá Holocene til Anthropocene – hvað er það?

Í fyrsta sinn í sögu jarðar eru athafnir manna ráðandi þáttur í þróun vistkerfa. Við lok síðustu ísaldar tók við rúmlega tíu þúsund ára tímabil sem er nefnt *Holocene* (nútíminn). Á þeim tíma hefur hitastig á jörðinni sveiflast á um einnar gráðu bili. Það skapaði aðstæður fyrir manninn að þroa nútímasamfélög. Upp úr 1950 tók við nýtt tímabil sem nefnist *Anthropocene*. Það vísar til áhrifa mannsins sem birtast í óæskilegri hlýnum loftslags, ógnun fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og ójafnvægi í mikilvægum vistkerfum. Þróunin er að óbreyttu talin geta valdið manninum gríðarlegum búsifjum. Íðnbyltingin hefur fært okkur fordæmalausa velmegun en því miður byggir hún ekki á sjálfbærum forsendum.

## Mikilvægur vitnisburður um stöðuna og leiðir fram á við

Sir David Attenborough dregur upp sterka mynd í bók sinni *A Life on Our Planet*. Bókin byggir á ævistarfi hans en hann er nú 94 ára. Okkur er bent á að frá árinu 1938 hafi mannfjöldi farið úr 2,3 milljörðum í 7,8 milljarða og villt landsvæði minnkað úr 64% í 35%. Á sama tíma hefur kolefni í andrúmsloftinu aukist um nær helming og er nú meira en nokkru sinni í sögu mannkyns. Attenborough kveðst hafa áhyggjur fyrir hönd þeirra sem verða vitni að næstu 90 árum, ef við höldum óbreyttum lifnaðarháttum. Vísindin bendi til að lífið á jörðinni sé á leið að endastöð. Attenborough bendir okkur þó á leið til bjartari framtíðar. Sú leið krefst þess að við stýrum athöfnum okkar innan ramma sjálfbærars hagkerfis. Til þess þurfum við að:

- hætta reikna með að vöxtur geti verið óendanlegur
- færa okkur yfir í hreina orku
- vernda lífríki heimshafanna og gefa þeim færi á að ná fyrri styrk
- taka minna pláss fyrir athafnir okkar
- veita villtri náttúru meira rými
- skapa aðstæður til að stöðva fólksfjölgun og síðast en ekki síst
- ná tökum á sjálfbærri þróun og lifnaðarháttum

**Við höfum þekkinguna og framtíðin er í okkar höndum.  
Viljinn er allt sem þarf**

7 SJÁLFBÆR ORKA



8 GÓBATVINNA OG HAGVÖXTUR



11 SJÁLFBÆRBORGIR OG SAMFÉLÓG



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIBSLA



13 AÐGERDIRI LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍFI VATNI



15 LÍF Á LANDI



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



## Leiðarljós Festu

Grunnstef Festu er að vera umræðuvaki, fræðsluvettvangur og brúarsmiður. Setja hlutina í samhengi til að styðja aðildarfélög Festu og aðra til að vinna að sjálfbæru samfélagi. Samfélagi sem útilokar ekki komandi kynslóðir frá því að geta lifað sínu lífi. Meðal helstu áherslumála Festu eru heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, loftslagsmarkmið, hringrásarhagkerfi, fjárfestingar í þágu sjálfbærni og vegvísar fyrir sjálfbæran rekstur.

Vegferðin að sjálfbæru samfélagi getur falið í sér óþrjótandi tækifæri fyrir Ísland til að skapa ný og góð störf, styðja við sanngjarni samfélag, viðhalda lífsgæðum, skapa sjálfbær fjárfestingartækifæri og efla samkeppnisstöðu okkar. Bill Gates bendir á það í nýlegri bók sinni, *How to avoid a climate disaster*, að þau ríki sem nái fyrst kolefnishlutleysi muni standa mun betur að vígi í samkeppninni.

Aðildarfélög Festu eru forsenda starfs okkar, starfs sem hefur eflst í takt við fjölgun aðildarfélaga. Ég vil þakka félögunum kærlega fyrir þátttöku í starfi Festu. Einnig starfsfólk Festu, stjórn og þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna með Festu að samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

## Áratugur aðgerða er runninn upp

Þjóðir heims settu sér skýr og metnaðarfull markmið árið 2015 með gerð Parísarsáttmálans um aðgerðir í loftslagsmálum og með samþykkt heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sáttmálarnir eru öflugir vegvísar og innihalda mikilvæg markmið sem er brýnt að ná fyrir 2030. Það er viðeigandi að nefna nýhafinn áratug sem áratug aðgerða. Við þurfum að vinna saman að settum markmiðum, sýna áræðni og framsýni. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Með kveðju,  
Tómas Njáll Möller,  
formaður Festu

# Ávarp framkvæmdastjóra

Heimsfaraldurinn COVID-19 hafði áhrif á starfsemi Festu líkt og annarra. Við héldum mestmagnis til í netheimum í fjölmögum gjöfum samtölum og voru flestir viðburðir sem við héldum og samfélagsmiðlar Festu svo að segja rauðglóandi og fjölsóttir. Viðburðir voru ekki eins margir og árið áður, eðli málsins samkvæmt, en þeir voru mjög vel sóttir. Við sniðum miðlun og fræðslu eftir aðstæðum, við tókum púlsinn reglulega með aðildarfélögum okkar á áhrif faraldursins á rekstur, vinnustaðinn og markmið í sjálfbærni.

Við nýttum andrýmið og áhrif faraldursins til að kafa ofan í breytingar í heiminum og tálga sýn okkar á það hvernig Festa gæti sem best komið að gagni á þessum ólgutímum. Hvernig getum við, sem brúarsmiður, auðveldari og kröftugt leiðarljós um sjálfbærni, gert sem mest gagn í núverandi ástandi? Við hugsuðum langt fram í tímann, við greindum áskoranir og tækifæri hvað sjálfbæra framtíð varðar í ljósi stöðunnar og söfnuðum liði til að undirbúa mikilvæg skref fyrir komandi ár og áratug.



## Mikilvæg skref og áskoranir

Eitt af þessum skrefum var *Viljayfirlýsing um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar*. Ef öllu fjármagni væri veitt í starfsemi sem er uppbyggileg fyrir fólk og plánetu væri sjálfbærni og hringrásarhagkerfið norm. Með þessa hugsun að leiðarljósi varð það að veruleika að forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og aðilar sem fara fyrir hátt í 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði skrifuðu undir *Viljayfirlýsingu um sjálfbærar fjárfestingar* í september.

Í upphafi faraldursins settum við okkur í þær stellingar að vona það besta en búa okkur undir það versta hvað rekstrarskilyrði Festu varðar. Það kom fliðt í ljós að heimsfaraldurinn færði nær fólk i alþjóðlegar áskoranir eins og loftslagsvána, versnandi stöðu jarðarinnar og villtrar náttúru, vaxandi ójöfnuð og fátækt. Áherslur á sjálfbærni í laga- og reglugerð, þróun mælikvarða og stefnumótun leiðandi aðila á alþjóðlegum markaði tók risastökk. Greinaskrif og umræður um mikilvægi þess að umbreyta hagkerfum og viðskiptamódelum úr ósjálfbærum í sjálfbær fengu stóraukinn slagkraft, og aldrei fyrr hefur áhugi á fjárfestingum með sjálfbærni að leiðarljósi verið eins mikill og skilað jafn jákvæðri afkomu eins og á árinu 2020.

## Sjálfbærni og íslenskt atvinnulíf

Íslenskt atvinnulíf fór ekki varhuga af þessari þróun og á árinu var metaðsókn í Festu, en 33 ný aðildarfélög bættust í hópinn. Á síðastliðnum tveimur árum hefur aðildarfélögum í Festu fjölgað um rúmlega 50%. Skilaboðin eru skýr: Sjálfbær rekstur er risavaxið viðskiptatækifæri og eina leiðin að bjartri framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Að vera þátttakandi í fræðslu- og þekkingarsamfélagi eins og Festu felur í sér mikinn ávinning fyrir þá sem vilja læra hratt og vera leiðandi. Vera með puttann á púlsinum þegar kemur að hröðum breytingum á viðskiptamódelum, örri þróun laga og reglna, ekki síður en mælingum á sjálfbærni, eða viðhorfum neytenda og kröfum fjárfesta.

## Að virkja bæði hugvit og erindi

Festa heldur áfram að vinna markvisst með og læra af ungu fólki, að byggja upp leiðtogaferni þeirra og þekkingu á sviði sjálfbærni og við erum lánsöm að fá að njóta krafta þeirra eins og raun ber vitni.

Það má segja að yfirskrift Janúarráðstefnunnar í upphafi árs hafi slegið tóninn – *Sóknarfæri á tínum Alkemíu*. Hún vísar í sköpunarkraft manneskjunnar og getuna til að endurhugsa og skapa verðmæti við erfiðar aðstæður, sem og að umbreyta ferlum, vörum og hugarfari í sátt við jörð, fólk og komandi kynslóðir.

Festa þakkar samstarfsaðilum og aðildarfélögum vítt og breytt um íslenskt samfélag kærlega fyrir gjöfult og gott samstarf, heiðarlegt samtal og hvatningu.

**Í ljósi landamæra lausra áskorana sem við okkur blasa, breytinga og einstakra tækifæra til að virkja bæði hugvit og erindi, hlökkum við til framhaldsins.**

Kæra kveðja,  
Hrund Gunnsteinsdóttir  
Framkvæmdastjóri Festu

# Samfélag Festu – skjáskot



137 aðildarfélög



33 ný aðildarfélög



93%  
aðildarfélaga  
ánægð með störf  
Festu



24 viðburðir og  
fræðsluherferðir



3500  
þátttakendur á  
viðburðum



4588 fylgjendur á  
samfélagsmiðlum



28.527 heimsóknir  
á heimasíðu



17 af 19 skráðum  
félögum í  
kauphöll eru aðilar  
að Festu



# Verkefni Festu

# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

## HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna  
um sjálfbæra þróun



### Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna lita allt starf Festu og tengja saman gildi og starfsemi félagsins

Festa leggur sig fram við að tengja alla viðburði og verkefni markvisst og sýnilega við heimsmarkmiðin. Á heimasíðu félagsins eru upplýsingar um ólik tól og tæki sem snúa að innleiðingu markmiðanna í rekstur og stefnumótun– sjá [hér](#).

Á árinu hélt Festa áfram formlegu samstarfi við Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin sem stýrt er af forsætisráðuneytinu. Í samstarfinu felst samvinna um fræðslu og hvatningu til íslenskra fyrirtækja um að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna.

Í lok árs hóf Festa vinnu að þróunarverkefni (e. pilot activity) sem er tengt framgangi heimsmarkmiðanna. Verkefnið ber heitið [17 herbergi](#) (e. 17 Rooms) og er hannað af [The Center for Sustainable Development](#) hjá Brookings Institution í samvinnu við The Rockefeller Foundation. Festa tekur þar virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um verkefnið sem kallast á ensku *Community of Practice*. Festa vinnur þar að því að útfæra aðferðafræði 17 herbergja í íslenskt samhengi ásamt því að læra af reynslu annarra. Markmið 17 herbergja átaksins er að hraða framgangi heimsmarkmiðanna. Áhersla er lögð á aðgerðir og hvernig við getum sem best unnið saman, þvert á geira og greinar. Festa vinnur verkefnið í samstarfi við Verkefnastjórn stjórnvalda.

# Loftslagsverkefni

Á árinu 2020 hlaut Festa styrk úr Loftslagssjóði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til útgáfu heildstæðs fræðslupakka um stefnur og aðgerðir í loftslagsmálum og hvernig má mæla og birta árangurinn. Fræðsluefnið var unnið í samstarfi við hóp sérfræðinga og var afraksturinn kynntur á fyrri hluta ársins 2021. Fræðslupakkinn er þrískiptur: Handbók um innleiðingu loftslagsstefnu, fræðslumyndband um reynsluna af því að taka þátt í Loftslagsverkefni Festu og Reykjavíkurborgar, og kennslumyndband um notkun Loftslagsmælis Festu. Nálgast má mælinn og ítarlegt kennslumyndband um notkun hans á [climatepulse.is](https://climatepulse.is).



Loftslagsmælir Festu er uppfærður árlega af sérfræðingahópi á vegum Festu og Reykjavíkurborgar. Fulltrúar frá Orkusetri og Vistorku á Akureyri og Umhverfisstofnun bættust við sérfræðingahópinn á árinu. Uppfærsla var gerð bæði á vefútgáfu mælisins og mælinum í ítarlegra Excel skjali, hvort tveggja aðgengileg á heimasiðu Festu.



## Fjölbreytt samstarf

Festa hóf á árinu samstarf við Deloitte um rannsókn á áherslum og aðgerðum stjórnenda 300 fyrirtækja varðandi loftslagsmál. Niðurstöður voru kynntar á Janúarráðstefnu Festu 2021, þær má nálgast [hér](#).

Árið 2015 hófst samstarf Festu og Reykjavíkurborgar um loftslagsmál. Árlegur Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar var haldinn á árinu. Þá vann Festa að undirbúningi á Loftslagsfirlýsingu Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Festa bauð, ásamt Grænvangi, Nýsköpunarmiðstöð og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, til fyrsta Loftslagsmóts í upphafi mars mánaðar. Vonir standa til að viðburðurinn verði árlegur. Þar var boðið á hrað-stefnumót milli aðila sem vinna að loftslagsmálum. Hugmyndin á bak við viðburðinn er að para saman áskorunum og lausnum.

Festa tilnefnir fulltrúa í Loftslagsráð stjórnvalda og er Jóhanna Harpa Árnadóttir fulltrúi Festu.

## Samtal við samfélagið

Festa tók þátt í fjölmögum samtölum og boðaði til minni funda þar sem ólíkir aðilar hjá hinu opinbera og í atvinnulifinu voru tengdir saman til að ræða samræmingu mælikvarða um loftslagsmál, opinbera stefnu um hringrásarhagkerfið og fleira. Festa stóð einnig fyrir opnum fundum til að miðla og efla þekkingu á nýjum reglugerðum og stefnum, m.a. með opnum fundi um flokkunarkerfi Evrópusambandsins um sjálfbæran rekstur (*EU Taxonomy*) en fundinn sóttu yfir 150 manns og um 200 horfðu á upptökur af fundinum.



# Hringrásarhagkerfið

**Festa setti hringrásarhagkerfið á dagskrá í upphafi árs 2019 og félagið hefur unnið markvisst að því að auðvelda innleiðingu þess í íslenskt samfélag, í gegnum fræðslu og í breiðu samstarfi hérlandis og erlendis**

## Norrænt samstarf

Festa vann að þróun norræns samstarfsvertrangs um hringrásarhagkerfið. Á seinni hluta ársins varð Festa meðstofnandi að [Nordic Circular Hotspot](#) (NCH) ásamt Circular Solutions. Markmið Festu með þátttöku í NCH er að veita aðildarfélögum Festu greiðan aðgang að fræðslu og þekkingu um bestu mögulegu tækifæri, sem og leiðir og samstarf í átt að hringrásarhagkerfinu.

Á árinu stóð NCH fyrir fjórum viðburðum og var þar á meðal fyrsta árlega ráðstefnan Nordic Circular Summit sem má lesa nánar um síðar í skýrslunni. Á árinu 2021 mun NCH opna fyrir rafrænan gagnagrunn þar sem fyrirtæki og einstaklingar munu fá tækifæri til að tengjast og mynda „hringrásarvistkerfi“ með norrænum aðilum sem eru á sömu vegferð.

Nordic Circular Hotspot er stýrt af fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum og hafa samtökin hlotið styrk frá Nordic Innovation.

## Frumkvæði Festu

Á árinu stóð þá Festa fyrir ýmsum viðburðum og samstarfsfundum tengdum hringrásarhagkerfinu ásamt því að birta greinar um efnið í fjölmíðlum. Þá var hringrásarhagkerfið ein af þungamiðjum á Janúarráðstefnu Festu 2020.

Hringrásarhagkerfið er miðlægt í miðlun og greinaskrifum Festu.



**12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA**



# Fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar



Þann 25. september 2020 undirrituðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, og aðilar sem fara fyrir hátt í 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði [Viljayfirlýsingum um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar.](#)

Viljayfirlýsingin var undirrituð af ríkisstjórn Íslands, bönkum, sparisjóðum, innlásstofnunum, vátryggingarfélögum, lífeyrissjóðum og fjárfestingarsjóðum.

**Í alþjóðlegu  
samhengi er  
Viljayfirlýsingin  
einstakt samstillt  
framtak einkaaðila  
á fjármálamarkaði  
og stjórnvalda**

Með viljayfirlýsingunni er ljósi varpað á áhrif og ábyrgð fjármagns á þróun í átt að sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Yfirlýsingin tiltekur enn fremur helstu viðmið sem höfð eru að leiðarljósi. Heiti yfirlýsingarinnar vísar m.a. til mikilvægis þess að hafa sjálfbærni til hliðsjónar í ákvörðunum um ráðstöfun fjármagns í því uppbyggingarstarfi sem fram undan er í kjölfar víðtækra áhrifa COVID-19.


Festa, Samtök fjármálfyrirtækja, Landssamtök lífeyrissjóða og forsætisráðuneytið unnu að móturn viljayfirlýsingarinnar í víðtæku samráði við aðila á fjármálamarkaði.

# Aðildi

Með [Aðildi](#) kynnir Festa til leiks hugmyndafræði *fellowship*, þar sem framúrskarandi aðilar eru valdir eru úr hópi umsækjenda til þess að fá tækifæri til að læra af hvorum öðrum og aðildarfélögum Festu. Þannig gefst þeim færir á að efla leiðtoga hlutverk sitt og hraða þekkingarsköpun á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar.

## **Aðildi er tilraunaverkefni Festu sem er vonandi komið til að vera til lengri tíma ef vel reynist.**

Aðildi - *fellowship* prógram felur í sér aðild að Festu í eitt ár fyrir 10 sprota-, nýsköpunar- og hönnunarfyrirtæki sem og aðra sem spryja heimspekkilega og af erindi til þróunar í heiminum í dag. Aðildi var kynnt í samstarfi við Samtök sprotafyrirtækja, Icelandic Startup og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.



# Leiðarvísir Festu


Á heimasíðu Festu er aðgengileg verkfærakista og einskonar bókasafn um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri sem kallast leiðarvísir. Þar má finna upplýsingar og hlekki á fræðsluefní og ólík verkfæri og leiðir sem standa til boða þegar hugað er að sjálfbærni og samfélagsábyrgða í rekstri. [Leiðarvísir Festu](#) er ein af þungamiðjum í fræðslustarfi Festu.

**Leiðarvísirinn er  
gullkista fyrir þá  
sem vilja færa sig yfir í  
sjálfbærar rekstur.**

**Kistuna uppfærir Festa  
reglulega og setur inn  
efni sem er efst á baugi  
hverju sinni. Leiðarvísir  
Festu er sá hluti  
heimasíðu félagsins sem  
fær flestar heimsóknir  
árlega.**

Hvar byrja ég?

# Leiðarvísir



# Viðburðir og fræðsla

# Viðburðir

Á árinu fóru meirihluti viðburða Festu fram á netinu. Þrátt fyrir að fjöldi viðburða hafi dregist saman frá fyrra ári, varð notkun fjarfundabúnaður til þess að viðburðir félagsins hafa sjaldan eða aldrei verið jafn vel sóttir.

Sem fyrr voru stærstu viðburðir ársins Janúarráðstefna Festu og Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar. Á árinu bættist við ráðstefnan Nordic Circular Summit, sem fram fór í lok nóvember. Aðrir viðburðir voru til að mynda Græna þruman sem var fræðslufundur um *EU taxonomy*, Loftslagsmótið, hringrásarviðburðir og fræðsluviðburðir tengdir afhendingu hvatningarverðlauna.

Festa fær í hverjum mánuði ótal boð um að taka þátt í spennandi viðburðum sem varða sjálfbærni. Félagið er afar stolt af því trausti sem því er sýnt og leggur starfsfólk og stjórn sig fram við að sinna sem flestum verkefnum. Á árinu var starfsfólk Festu meðal annars með erindi á námskeiðum á vegum háskólanna og Akademias, viðburðum á vegum hagsmunasamtaka á borð við Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja, UAK degi Ungra athafnakvenna, fræðslufundum á vegum Stjórnvísí, í norrænni heimildarmynd og riti um hönnun og hringrásarhagkerfið, málstofu á vegum The Icelandic American Chamber of Commerce í New York á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

**10 opnir viðburðir og fundir  
4 hvatningarverðlaun og fræðsluviðburðir  
Rafrænn aðalfundur  
2 fræðslu og upplýsinga herferðir  
7 tengslafundir  
Yfir 3500 þátttakendur**





## Janúarráðstefna Festu

# Sóknarfæri á tímum alkemíu

Janúarráðstefna Festu er stærsti viðburður ársins á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar fyrirtækja og stofnana. Yfirskriftin að þessu sinni var Sóknarfæri á tímum alkemíu.

Alkemía vísar í gullgerðarmenningu á miðöldum, þar sem markmiðið var að breyta óæðra efni í gull.

Áherslan var á áskoranir og tækifæri sem felast í því fyrir fyrirtæki og stofnanir að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, t.d. að vinna verðmæti úr „rusli“, m.a. með aðferðafræði hringrásarhagkerfisins sem og að endurhugsa og þróa viðskiptamódel með langtímahugsun og hagaðilahagkerfið (e. *stakeholder economy*) að leiðarljósi.

Auk lykilerinda buðu þau Jamie Nack og Pablo Jenkins ráðstefnugestum upp á vinnustofur. Við heyrðum frá fulltrúum fimm fyrirtækja sem lýstu metnaðarfullum hringrásarmarkmiðum sínum til næstu tólf mánaða. Fyrirtækin voru Össur, Klappir, Vistorka, Pure North Recycling og Orka náttúrunnar.

Undir dagskrárlíðnum „Hvað svo?“ ræddu þau Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Alþingis, Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs verslunarmana, Aðalheiður Snæbjarnardóttir sjálfbærnisérfræðingur Landsbankans og Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður stýrihóps aðgerðaráætlunar um fjórðu iðnbytinguna, um næstu skref í átt að sjálfbærni.

Uppsett var á Janúarráðstefnu Festu sem sótt var af um 230 manns. Ráðstefnan var að kolefnisjöfnuð í gegnum Kolvið og Votlendissjóð sem og vottuð og kolefnisjöfnuð í gegnum UN Climate Neutral Now. Nánari umfjöllun má nálgast [hér](#). Upptökur af Janúarráðstefnu Festu 2020 má nálgast á [Youtube rás Festu](#).

Janúarráðstefna Festu er stærsta verkefni félagsins á hverju ári og undirbúningur hefst að jafnaði hálfu ári fyrir ráðstefnuna.

## Aðal fyrirlesarar

### Jamie Nack

forseti og stofnandi  
Three Squares Inc.

### Pablo Jenkins

forseti og stofnandi  
Ideas en Acción og ráðgjafi  
ríkisstjórnar Costa Rica

„**Loftslagsvái er ein helsta áskorun nútímans og efleiðtogað axla ábyrgð og knýja fram nýsköpun á þessu sviði þá skilar það sér einnig í meiri viðskiptatryggð við neytendur og hagsmunaaðila“**

Jamie Nack í viðtali við Fréttablaðið



# Loftslagstundur



# Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar var haldinn rafrænt í nóvember 2020 og streymt beint frá Ráðhúsinu.

Því var fagnað að fimm ár voru liðin frá því að þjóðir heims undirrituðu Parísarsamkomulagið og settu sér það markmið að halda hlýnun jarðar innan við 2°C frá upphafi iðnbyltingar og þá helst nærrí 1,5 gráðu. Einnig voru liðin fimm ár frá því að Loftslagsfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar var undirrituð í Höfða af rúmlega hundrað forstjórum og framkvæmdastjórum fyrirtækja og stofnana. Dagskrá fundarins endurspeglæði að síðustu fimm ár hafi verið tími markmiðasetninga og undirbúnings. Nú væri áratugur aðgerða runninn upp, enda verkefnið brýnt.

Á fundinum voru flutt beitt og aðgerðamiðuð erindi, en þar stigu fram umhverfisráðherra, borgarstjóri Reykjavíkur, breski sendiherrann á Íslandi, formaður Festu, formaður Loftslagsráðs, verkefnastjóri Grænvangs og ungar aðgerðarsinni. Einnig var veitt árleg Loftslagsviðurkenning en að þessu sinni fengu Landspítalinn og CarbFix viðurkenningu fyrir áherslur sínar í loftslagsmálum.

Nánari umfjöllun og upptökur má nálgast [hér](#).

**„Loftslagsmálin eru hópíþrótt – liðsandinn skiptir miklu máli.“ Halldór Þorgeirsson formaður Loftslagsráðs**






# Allt sem þú gerir hefur áhrif

Vertu með í hópi leiðandi  
aðila á samfélagsábyrgð.is



Nordic  
Circular  
Summit  
2020



# Nordic Circular Summit

# Nordic Circular Summit

Í lok árs 2020 var fyrsta [Nordic Circular Summit](#) ráðstefnan haldin. Stefnt er að því að framvegis verði viðburðurinn haldinn árlega. Ráðstefnan er á vegum Nordic Circular Hotspot, og unnin í samstarfi við Nordic Innovation, sem kemur einnig að fjármögnun verkefnisins.

Rúmlega 1000 manns, alls staðar að úr heiminum, sóttu ráðstefnuna. Boðið var upp á tíu ólíka viðburði á tveimur dögum. Viðfangsefnin voru fjölbreytt en snertu öll að markmiði Nordic Circular Hotspot – að hraða innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Norðurlöndum. Alls héldu 53 sérfræðingar og leiðtogar erindi og tóku þátt pallborðsumræðum. Má þar nefna, Børge Brende forseta Alþjóðaefnahagsráðsins, Paula Lehtomäki framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, Þórdís Kolbrúnu R. Gylfadóttur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ladeja Godina Košir stjórnarformann the Coordination Group European Circular Economy Stakeholder Platform (ECESP), Raymond Johansen borgarstjóra Osló, og Flemming Besenbacher stjórnarformann Carlsberg Group og Carlsberg Foundation.

**„We need to work together to rethink our system for the economy and consumer-based lifestyles. That is why it is so important to gather different stakeholders together and get them connected at The Nordic Circular Summit. “**

- Paula Lehtomäki framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Festa og íslenska ráðgjafafyrirtækið og aðildarfélag Festu, Circular Solutions, stóð fyrir viðburði þar sem kafað var ofan í hlutverk sjálfbærrar orku í hringrásarhagkerfinu. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra flutti opnunarerindi, auk þess sem fulltrúar frá Orku náttúrunnar, Landsvirkjun, GEG Power, Greenstat í Noregi og Vestas í Danmörku tóku þátt.

Kynningarmynd sem dregur saman kjarnyrt skilaboð ráðstefnunnar má nálgast [hér](#). Samantekt í lok ráðstefnunnar frá Nordic Innovation má nálgast hér - [A Milestone in Nordic Collaboration](#).

**„A circular economy approach is key to really shaping a more resilient future. “**

- Børge Brende forseti Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum)



# Tengslafundir

Tengslafundir Festu eru reglulegir fundir sem einungis eru opnir fyrir aðildarfélög. Aðildarfélög bjóða heim kynna áherslur sínar og eiga opið samtal við önnur aðildarfélög um áskoranir, leiðir og tækifæri sem felast í sjálfbærum og samfélagslega ábyrgum rekstri.


Frá og með marsmánuði 2020 voru allir tengslafundir Festu fjarfundir. Sumir tengslafundir voru með þeim hætti að nokkur aðildarfélög komu saman og buðu upp á umræðu um ákveðið málefni.

Þá bauð Festa umhverfisráðherra til fundar með aðildarfélögum í maí. Þar átti sér stað kröftugt samtal um það hvernig atvinnulífið gæti stutt við aðgerðir hins opinbera á sviði umhverfismála.



## Tengslafundir Festu 2020

- ISAL, Nasdaq, KPMG og VIRK
- Vinnuumhverfi í COVID – Veitur, Íslandsbanki og EFLA
- Tengslafundur með umhverfisráðherra
- Hringrás og nýsköpun – Samtök iðnaðarins, Sorpa og Terra



# Hvatningarverðlaun 2020

## Samfélagsskýrsla ársins

### Verðlaunin hlaut Krónan

Dómnefnd: Tómas N. Möller,  
Hulda Steinrímsdóttir og Jóhanna Harpa  
Árnadóttir, formaður dómnefndar



## Hvatningarverðlaun jafnréttismála

### Verðlaunin hlaut Sjóvá

### Sérstök sprotaverðlaun: Pink Iceland

Dómnefnd: Ketill Berg Magnússon,  
Davíð Þorláksson, Hanna Ragnarsdóttir  
og Andrea Gunnarsdóttir formaður dómnefndar



## Framúrskarandi samfélagsábyrgð

### Verðlaunin hlaut Vörður - tryggingar

Dómnefnd: Gréta Guðmundsdóttir,  
Gunnar Sveinn Magnússon og Sæmundur  
Sæmundsson formaður dómnefndar



## Loftslagsviðurkenning Festu og Reykjavíkurborgar

### Verðlaunin hlaut Landsspítalinn

### Nýsköpunarviðurkenning: Carbfix

Dómnefnd: Lára Jóhannsdóttir,  
Sigurpáll Ingibergsson og Líf Magneudóttir,  
formaður dómnefndar





# Samstarfsverkefni

Á árinu tók Festa þátt í ýmsum samstarfsverkefnum.

Starfsfólk og stjórnarmenn voru mentorar í Snjallræði þar sem Festa er jafnframt einn af stofnendum, áttu sæti í stjórn Frumkvöðlasjóðs Íslandsbanka og siðanefnd SÍA, voru í faghóp um sjálfbærni á vegum Stjórnvísi og leiðbeindu háskólanemum í sjálfbærni tengdum verkefnum og lokaritgerðum. Þá sat fulltrúi frá Festu einnig í dómnefnd fyrir Íslensku þekkingarverðlaunin sem Félag viðskipta- og hagfræðinga veitir og í úthlutunarnefnd Nordic Innovation vegna styrktarsjóðs fyrir verkefni sem snúa að hringrásarhagkerfinu.

**Með þessari  
þátttöku deilir  
Festa reynslu  
og þekkingu,  
styður við  
sjálfbær  
verkefni og  
framgang heims-  
markmiðanna**

Festa hefur frá upphafi verið virkur samstarfsaðili samfélagshraðalsins Snjallræðis. Tekur þar þátt í kynningarstarfi og sinnir hlutverki mentora.





# Fræðsluherferðir

## Með puttann á púlsinum

Þegar fyrstu samkomutakmarkanir tóku gildi í COVID-19 faraldrinum og fyrirtæki tókust á við afleiðingar faraldursins, ákvað Festa að fella niður nokkra viðburði og taka þess í stað saman gagnapakka fyrir aðildarfélögin. Gagnapakkarnir voru fullir af innblæstri og fræðslu og voru sérsvniðnir að þeim áskorunum sem við blöstu. Markmið fræðslupakkanna „Með puttann á púlsinum“ var að efla aðildarfélögin til þess að skara fram úr í heimi fordæmalausra breytinga.

Í hverjum pakka var sérvalið hugarfóður og fræðsluefni, samsetning efnis ígrunduð fram í fingurgóma og vísað á aðgengilegt, frítt efni. Meðal efnis voru valin námskeið, hljóðvörp, upptökur af fyrirlestrum og greinar sem gáfu einstaka innsýn inn í stöðu mála alþjóðlega, í samhengi við krísustjórnun, áhættustýringu, aðgerðir fyrirtækja og sjálfbærni.

Þessir sérsvniðnu fræðslupakkar, sem sendir voru út með reglulegu millibili, voru aðgengilegir öllum þeim einstaklingum sem starfa hjá aðildarfélögum Festu. Með puttann á púlsinum var gefið út bæði á íslensku og ensku. Það má nálgast fræðslupakkann með því að senda beiðni á [festa@samfelagsabyrgd.is](mailto:festa@samfelagsabyrgd.is)

## Auratal: Hagnaður af sjálfbærni

Í mars 2020 birti Festa fræðsluherferð og efni með sögum af sjálfbærni vegferð fyrirtækja þar sem áherslan var á fjárhagslegan ábata af áherslum á sjálfbærni í rekstri. Sett var upp sérstök undirsíða á heimasíðu félagsins og sögunum deilt á samfélagsmiðlum.

Nanna Elísa Jakobsdóttir, sérfræðingur í alþjóðasamskiptum og fyrrverandi blaðamaður hélt utan um verkefnið, tók viðtöl, skrifaði, hannaði grafík og setti upp fyrir ólíka miðla. Í Auratali voru viðtöl og myndir af framkvæmdastjórum og stjórnendum sjö aðildarfélaga Festu. Sögurnar sýna með raundænum að þrátt fyrir að fjárhagslegur ábati sé ekki megin drifkrafturinn þegar lagt er af stað í sjálfbærni vegferðina, þá er hann ótvíraður fylgifiskur þess að innleiða samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstur fyrirtækja.

Sögurnar má nálgast [hér](#).



**„Samfélagsleg  
ábyrgð  
hefur áhrif  
á þjónustu.“**

Sigrún Ósk Sigurðarstjóri,  
aðstoðarforstjóri & Sigurpáll  
Ingibergsson, gæðastjóri  
Vinbúðarinna



**„Ábyrg  
framganga  
getur afstýrt  
stórkostlegu  
tjóni.“**

Ari Edwald,  
forstjóri Mjólkursamsölnnar



Þorsteinn Kári Jónsson,  
verkefnastjóri hjá Marel á Íslandi

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir,  
framkvæmdastjóri Marel á Íslandi

**„Við lítum á samfélagslega  
ábyrgð sem viðskiptatækifæri.“**

**„Stærsti  
fjárhagslegi  
ávinnингurinn  
er ánægðari  
viðskiptavinir.“**

Gréta María Dagbjartsdóttir,  
framkvæmdastjóri Krónunnar




Magnea Þórey Vilhjálmsdóttir,  
framkvæmdastjóri Icelandair Hotels

**„Það er verulega hagkvæmt að fjölga  
grænum skrefum í hótelrekstri.“**

**Klappir**  
**Fjárfestar kjósa  
heldur fyrirtæki  
sem setja sjálf-  
bærni á oddinn**



# Útgáfa



## UFS leiðbeiningar Nasdaq

Þýðing og útgáfa UFS leiðbeininga Nasdaq kauphalla á Norðurlöndum er samstarfsverkefni Festu, Viðskiptaráðs, Staðlaráðs, IcelandSIF og Nasdaq Iceland kauphallarinnar. Circular Solutions og Ábyrgar Lausnir veittu sérfraðiaðstoð við þýðinguna.

Á árinu 2019 var hófst vinna við þýðingu á UFS leiðbeiningunum, en hún kom út í upphafi árs 2020 og var formlega kynnt á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs.

UFS leiðbeiningar má nálgast [hér](#).




## Global Reporting Initiative

Á árinu 2019 stóðu Festa og Staðlaráð Íslands, í samvinnu við ÁTVR, Landsvirkjun og Isavia, með aðkomu Circular Solutions og Ábyrgra Lausna, að þýðingu á efnisvísum Global Reporting Initiative (GRI). Á árinu 2020 uppfærði Festa útgáfuna í samstarfi við Isavia.

GRI eru alþjóðlega viðurkenndir staðlar um miðlun upplýsinga um samfélagsábyrgð og eru notaðir í yfir 100 löndum. 80% af 250 stærstu fyrirtækjum heims nota GRI.

GRI staðlar eru almennt taldir víðtækustu og nákvæmustu staðlarnir til að halda utan um félags-, efnahags- og umhverfisleg áhrif fyrirtækja og stofnana. Nálgast má íslenska þýðingu efnisvísi GRI [hér](#).



# Miðlun

# Miðlun

## Netmiðlar

Festa nýtir ólíka miðla til að miðla þekkingu um sjálfbærni, kynna störf sín, auglýsa viðburði Festu og samstarfsaðila.

Festa vaktar umfjöllun um sjálfbærni og samfélagsábyrgð m.a. í gegnum Fjölmíðlavaktina. Áhersla er lögð á að miðla umfjöllun um störf aðildarfélaga til almennings sem og umfjöllun um þróun málafloksins almennt á innlendum og erlendum vettvangi.

Samfélagsmiðlar, heimasíða Festu og markþóstar til aðildarfélaga eru þungamiðjan í miðlun upplýsinga.

Á heimasíðu Festu má nálgast upplýsingar um alla viðburði félagsins auk þess sem þar er að finna fréttaskot um ólík verkefni Festu.

Á [Youtube rás Festu](#) eru upptökur af fjölda viðburða á vegum félagsins auk fræðslumyndbanda sem félagið hefur látið framleiða.



**3295**



**486**

**Linkedin**

**437**



**370**

## Fréttabréf

Festa gefur út [mánaðarlegt fréttabréf](#) og eru um þúsund manns áskrifendur að því. Í hverri útgáfu fær Festa til sín ólíka gestapenna, en á árinu skrifuðu átján gestapennar pistla í Fréttabréf Festu.



## Heimasíða

Vinsælustu undirsíður á vef Festu eru Leiðarvísir Festu og fræðsluefnir um sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

**Heimasíða Festu fékk**

**28.527 heimsóknir árið 2020**

# Festa í fjölmíðlum

**Fjöldi viðburða og verkefna Festu rötuðu í fjölmiðla á árinu. Þá ritaði starfsfólk og stjórnarmenn fjölda greina sem birtar voru í ólíkum fjölmiðlum.**



**Borgar sig margfalt að breyta rétt**

Jónína Þóra Ólafsdóttir er til sögulega aðalstjóri Alþjóðaefnaghagsráðsins (WEF) og er óskarhluti í Alþjóðaefnaghagsráðsins og óskarhluti í Alþjóðaefnaghagsráðsins. Hún er fræmst lífverðlaunin og er óskarhluti í Alþjóðaefnaghagsráðsins og óskarhluti í Alþjóðaefnaghagsráðsins. Hún er fræmst lífverðlaunin og er óskarhluti í Alþjóðaefnaghagsráðsins og óskarhluti í Alþjóðaefnaghagsráðsins.

## Hagaðilar, samheldni og sjálfbærni

Yfirskrift 50. ársfundar Alþjóðaefnaghagsráðsins (e. World Economic Forum), sem fram fer þessa dagana í Davos í Sviss, er "Hagaðilar i þágu samheldni og sjálfbaers heims".

FRÉTTABLAÐID

## **Heyrir þú í mér?**

## Hrund Gunnsteinsdóttir og Harpa Júliusdóttir

Þriðjudagur 17. nóvember 2020  
Kl. 08.02

Innent | mbl | 25.9.2020 | 13:45

## Stuðlar að sjálfbærri uppbyggingu



Fra vinstri: Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, Þórdís Kolbrún Reykjavík/Gylfadóttir ferðamála-, ihðanar- og nýsköpunarráðherra, Kristján Þór Júlussón sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindarráðherra og Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF. *Lilásmynd/Gölli*

Hjörði Elsa Ásgeirsdóttir markaðsstjóri Krónunnar ásamt Jóhannu Hölpú Árnadóttur formanni dönnelfrðar og Ástu Þeidsted framkvæmdastjóra Víðskiptaráðs, Gunnhildi Árnadóttur framkvæmdastjóri Stjórnvísí og Hrund Gunnsteinsdóttur framkvæmdastjóra Festu. Lýðsmyndarfáni

kemur að sjálfbærni og samfélagslegrí  
ábyrgð?

# Viðskiptablaðið

MIDVIKUDAGUR, 7. APRÍL 2021

## SKODUN

Tómas N. Möller

29. nóvember 2020 13:40

## Það er ekki eftir neinu að bíða

Við berum sömu ábyrgð og stærri  
ríki. Við getum verið snögg að  
bregðast við og sýnt fordæmi sem  
getur verið stærri samfélögum

**visir**

VALMYND



**Spennandi tímamót og 8000  
strætóar**

Í hringrásarhagkerfi (e. circular economy) er leitast við að hanna burt írgang, mengun og útblastur gróðurhúsaloftegunda, halda vörum og efnum lengur í notkun og endurnýja náttúruleg kerfi.

SKODUN 6.10.2020 07:01

# Purfum skýran ásetning með gleði og festu í hjarta





# Innra starf

Auhkeletal degurun. Knut Rúnar Knúfason



# Stefnumótun



Stjórn Festu vinnur árlega stefnumótun þar sem framtíðarsýn, hlutverk og gildi félagsins eru rýnd og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Áherslur eru ræddar og verkefnum er forgangsraðað. Úr verður framkvæmdaáætlun sem framkvæmdastjóri fylgir eftir. Skýr fókus fæst með slíkri stefnumótun og er hann afar dýrmætur þegar unnið er með jafn viðamikið viðfangsefni og samfélagsábyrgð og sjálfbær rekstur er.

Í stefnumótunarvinnu ársins var skerpt á áherslum Festu, stjórn stillti saman strengi og skipti með sér verkum fyrir komandi starfsár.

## Festa sinnir hlutverki sínu með þrennum hætti:

**Miðlun upplýsinga, þekkingar, fréttar, greina, fréttabréfs og árverknis-verkefna. Þýðing leiðarvísá, hvatningarverðlaun, námskeið og vinnustofur.**

**Fræðsla, umræða og samstarf milli ólíkra aðila, opnum og lokaðir fundir, ráðstefnur, leiðsögn og tengslamyndun.**

**Hreyfiafl og leiðarljós sem stuðlar að framþróun og ýtir við félögum, yfirvöldum og almenningi.**

# Ungt fólk og Festa

Frá því snemma árs 2019 hefur Festa lagt sérstaka áherslu að starfa markvisst með ungu fólk, í verkefnum, áherslum og viðburðum. Síðan þá hefur ungt fólk komið að skipulagi, flutt erindi eða kynnt nýstárlag verkefni á nær öllum viðburðum sem Festa hefur haldið.



 **Niu ungar konur og sjálfbærnisráðstefnan**  
Karen Björk Eyþórssdóttir skrifar 27. janúar 2020 07:00 [Kann að meta](#)

 **Ungt fólk velur fyrirtæki sem sýna ábyrgð í verki**  
Nanna Elís Jakobsdóttir skrifar 29. janúar 2020 07:30 [Kann að meta](#)

Töluverð aðsókn er í störf hjá Festu meðal ungs fólks. Í því samhengi buðu níu öflugar ungar konur fram starfskrafta sína við framkvæmd Janúarráðstefnu Festu. Þær sýndu frumkvæði og deildu með félagini nýjum hugmyndum. Meðal verkefna sem þær unnu á vettvangi Festu voru greinaskrif í fjölmíðla, miðlun á samfélagsmiðla, þær sáu um að kolefnisjafna og votta ráðstefnuna, auk þess að endurhugsa ýmsa þætti sem snenu að því að lágmarka kolefnisspor ráðstefnunnar. Þær voru gestgjafar á ráðstefnunni og sáu um að skrásetja það sem fram fór í hverjum dagskrárið.

## Festa er afar stolt af þessum flotta hópi



### Pauline Langbehn var starfsnemi

hjá Festu í nóvember 2020 til miðs Janúar 2021. Pauline gerði nokkrar greiningar fyrir Festu og vann hagaðila greiningu byggða á viðtölum við íslenskt ungt fólk. Þar var útgangspunkturinn: "Hvað telja ungmenna (16-30 ára) mikilvægt þegar kemur að sjálfbærni vegferð íslenskra fyrirtækja?"



### Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir

loftslagsaktivisti flutti erindi á Loftslagsfundi Festu og Reykjavíkurborgar. Þar hvatti hún fyrirtæki til að taka umhverfismálin föstum tökum og innleiða þau inn í kjarnastarfsemi. Hún sagði umhverfismál nú vera „líflínu fyrirtækisins“.



# Stjórn Festu



**Tómas N Möller, formaður  
Erla Tryggvadóttir, varaformaður  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Gunnar Sveinn Magnússon**

Stjórn Festu hélt ellefu fundi frá aðalfundi í apríl 2020 til aðalfundar í apríl 2021. Á árinu voru átta fundir stjórnar fjarfundir. Einn stjórnarfundur var haldin án framkvæmdastjóra.

Að auki fór stjórn í vinnuferð á Nesjavelli vorið 2020, þar sem unnið var að stefnumótun félagsins. Festa kann Orku náttúrunnar sínar bestu þakkir fyrir höfðinglegar móttökur á Nesjavöllum.

Aðalfundur 2020 var haldinn í apríl og var hann rafrænn. Þar var samþykkt ein breyting á samþykktum og kosin ný stjórn og formaður. Breyting á samþykktum snýr að stærð aðildarfélaga þar sem að flokkurinn 2-9 starfsmenn breyttist og varð fyrirtæki með 2-15 starfsmenn. Nánar hér.

Frá aðalfundi 2019 til 2020 sátu í stjórn Festu: Hrönn Ingólfssdóttir formaður, Sæmundur Sæmundsson (varaformaður), Erna Eiríksdóttir, Hrefna Sigríður Briem, Jóhanna Harpa Árnadóttir, Tómas N. Möller, Berglind Sigmarsdóttir og Gestur Pétursson.

**Gestur Pétursson  
Hrefna Sigríður Briem  
Aðalheiður Snæbjarnardóttir  
Sæmundur Sæmundsson**

# Starfsfólk og aðsetur



Framkvæmdastjóri Festu er Hrund Gunnsteinsdóttir og verkefnastjóri Harpa Júlíusdóttir. Þær eru báðar í fullu starfi hjá félaginu.

Festa hefur aðsetur í Háskólanum í Reykjavík. Festa kann Háskólanum í Reykjavík allra bestu þakkir fyrir að hýsa skrifstofur Festu og veita félaginu tækniaðstoð endurgjaldslaust.



# Samstarfsaðilar



Festa og Viðskiptaráð Íslands ásamt Stjórnvísi standa að hvatningarverðlaununum Samfélagsskýrsla ársins. Félögin unnu saman að útgáfu íslenskrar þýðingu á ESG/UFS stöðlum Nasdaq.



Íslenski ferðaklasinn og Festa stofnuðu Ábyrga ferðapjónustu árið 2017 og unnu það verkefni saman. Árið 2020 tók SAF við hlutverki Festu sem framkvæmdaraðili, en Festa er áfram til skrafs og ráðagerða.



Festa á fulltrúa í stjórnum faghópa á vegum Stjórnvísi. Félögin ásamt Viðskiptaráði Íslands standa að hvatningarverðlaununum Samfélagsskýrsla ársins.



Síðustu þrjú ár hefur Festa og CreditInfo staðið að hvatningarverðlaununum Framúrskarandi samfélagsábyrgð.



Frá árinu 2015 hefur Festa og Reykjavíkurborg unnið saman að Loftslagsverkefni. Loftslagsyfirlýsing Festu og Reykjavíkurborgar, Loftslagsmælir Festu, fræðsla og eftirfylgni, ásamt árlegum Loftslagsfundi falla undir samstarfið.



Síðustu ár hefur Festu staðið að Hvatningarverðlaunum jafnréttismála í samstarfi við UN Women landsnefnd á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Háskóla Íslands. Á árinu stigu Festa og UN Women frá framkvæmd verkefnisins, en Festa mun halda áfram að styðja við verkefnið og kynna það á vettvangi félagsins.

**Festa hefur verið þeirrar lukku aðnjótandi að starfa með fjölda öflugra samstarfsaðila**

**Starfsmenn og stjórn eru þeim þakklát og hlakka til áframhaldandi samstarfs**

# Samstarfsaðilar



Festa á sæti í Loftslagsráði stjórnvalda og tekur virkan þátt í starfi og stefnumótun ráðsins.



Festa kemur að baklandi Grænvangs, samstarfsvettvangi atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál, í formi fræðslu og samstarfs um viðburði. Á árinu stóðu félögin saman að Loftslagsmótinu.



Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Festa endurnýjuðu samstarfssamning um innleiðingu heimsmarkmiðanna.



Festa hefur frá upphafi verið virkur samstarfsaðili Snjallræðis – samfélagshraðals og tekur þar bæði þátt í kynningarstarfi ásamt því að stjórn og starfsfólk tekur að sér hlutverki mentora.

## Erlent samstarf



Festa hefur verið þátttakandi í samfélagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, UNGC frá árinu 2012 og starfar að framgangi hans hér á landi.



Festa er aðili að CSR Europe ásamt 40 aðilum í jafn mörgum Evrópuríkjum. Þar tekur félagið þátt í samtali og viðburðum um samfélagsábyrgð.



Festa er einn af stjórnendum og stofnendum norræna hringrásar samstarfsvettvangsins Nordic Circular Hotspot.

# Þjónustukönnun meðal aðildarfélaga

93% ánægð með störf Festu

82% birta samfélagsskýrslu

70% vinna að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

80% ánægð með námskeið á vegum Festu


**“Ég kann því vel að Festa hvetji til sjálfbærrar hugsunar og sýni hvernig hægt er að gera umhverfisstarf að raunverulegum grunni í starfi fyrirtækja og stjórnvalda.”**



# Aðildarfélög Festu

## 33 ný aðildarfélög bættust við 2020

Í árslok 2020 voru aðildarfélög Festu 137. Á árinu bættust 33 ný aðildarfélög í hópinn en 11 aðildarfélög voru skráð úr Festu, m.a. vegna aðstæðna í rekstri, að eigin ósk (1) eða vegna sameiningar við önnur aðildarfélög.



## Stofnaðilar Festu

**Festa var stofnuð 2011 fyrir framsýni sex fyrirtækja**

**Árið 2013 var opnað fyrir félagsaðild  
fyrirtækja og stofnana**



RioTinto



# Aðildarfélög Festu 2020 \*í lok árs

- |                                   |                          |
|-----------------------------------|--------------------------|
| Advania                           | Akureyrarbær             |
| Alcoa Fjarðaál                    | Alma                     |
| Alta ehf                          | Andrými ráðgjöf          |
| Arion banki                       | Awarego                  |
| Ábyrgar lausnir                   | Bakkinn Vöruhótel        |
| Bláa lónið                        | Blái herinn              |
| Borgun                            | BravoEarth               |
| Brim                              | Brú Lífeyrissjóður       |
| Búseti                            | BYKO                     |
| CCP                               | Circular Solutions       |
| Coca-Cola European Partner Ísland | Cognitio                 |
| CreditInfo                        | Dagar                    |
| Deloitte                          | EFLA verkfræðistofa      |
| Eimskip                           | Elkem                    |
| ELKO                              | Ernst & Young            |
| Eta Carina                        | Expectus                 |
| Eyrir Invest                      | Eyrir Venture Management |
| Farfuglar                         | Festi                    |
| Félagsbústaðir                    | Lín Design               |
| Garri                             | GEMMAQ                   |
| Greenhouse fasteignir             | Hagar                    |
| Hampiðjan                         | Hannesarholt             |
| Happdrætti Háskóla Íslands        | Háskóli Íslands          |
| Háskólinn í Reykjavík             | HS Orka                  |
| Icelandair Group                  | Icelandair hótel         |
| Indó                              | Isavia                   |
| iTub                              | Íslandsbanki             |
| Íslandspóstur                     | Íslandshótel             |
| Íslandsspil                       | Íslandsstofa             |
| Íslensk getspá                    | Johann Olafsson og Co    |
| Klappir grænar lausnir            | Kolibri                  |
| Kosmos & Kaos                     | Kópavogsbær              |
| KPMG                              | Krónan                   |
| Kvika banki                       | Landsbankinn             |
| Landsnet                          | Landsvirkjun             |
| Lífeyrissjóður Verslunarmanna     | Lífsverk Lífeyrissjóður  |

Mannvit	Marel
Miklatorg/IKEA	Míla
Mjólkursamsalan	Múlalundur - vinnustofa SÍBS
N1	NASDAQ OMX Iceland
Nátthrafn	Netpartar
Neyðarlínan	Norðurál
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	Oliuverslun Íslands
Orka náttúrunnar	Orkusalan
Orkuveita Reykjavíkur	Perla norðursins
Pfaff	Podium
PriceWaterhouseCooper	Pure North Recycling
RARIK	Ráðstefnuborgin Reykjavík
RB- Reiknistofa bankanna	Reginn
Reitir fasteignafélag	Resource International
Reykjagarður	Reykjavíkurborg
Rio Tinto á Íslandi - ISAL	Samgöngustofa
Samskip	Samtök iðnaðarins
Sena	Síminn
Sjóklæðagerðinn/66°Norður	Sjóvá
Skeljungur	Skinnfiskur
Sorpa	Sólar
Staðlaráð Íslands	Sveitarfélagið Hornafjörður
Sýn	Sölufélag garðyrkjumanna
Terra	Toyota á Íslandi
Tryggingamiðstöðin	Tryggja
Umhverfisstofnun	Valitor
Veitur	Veraldarvinir
Veritas Capital	Verkís
VIRK	Vista verkfræðistofa
Vínbúðin	VÍS
VR	VSÓ ráðgjöf
Vörður tryggingar	Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Össur	



# Ársreikningur 2020

# Rekstrarreikningur 2020

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld .....		34.376.800	22.835.500
Viðburðartekjur .....		3.237.890	4.438.081
Styrkir .....		2.308.506	0
Vaxtatekjur .....		280.597	559.507
		<b>40.203.793</b>	<b>27.833.088</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Viðburðarkostnaður .....		3.326.641	4.053.636
Heimasiða .....		0	5.965.020
Laun og launatengd gjöld .....	3	24.889.499	20.440.722
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		4.515.506	3.577.409
Annar rekstrarkostnaður .....		1.072.271	1.191.591
Vaxtagjöld .....		130.700	136.633
		<b>33.934.617</b>	<b>35.365.011</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>6.269.176</b>	<b>(7.531.923)</b>

# Efnahagsreikningur 2020

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

---

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á aðildarfélög og viðskiptavini .....	4	752.100	491.481
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		170.000	0
Handbært fé .....		<u>17.226.164</u>	<u>10.635.761</u>
		<u>18.148.264</u>	<u>11.127.242</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>18.148.264</u></b>	<b><u>11.127.242</u></b>

# Efnahagsreikningur 2020

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	5	12.876.535	6.607.359
		<b>12.876.535</b>	<b>6.607.359</b>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		860.599	1.062.175
Fyrirfram innheimtir styrkir v. ráðtefnu í janúar .....		1.967.597	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.443.533	3.457.708
		<b>5.271.729</b>	<b>4.519.883</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>5.271.729</b>	<b>4.519.883</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>18.148.264</b>	<b>11.127.242</b>

# Ársskýrsla Festu 2020

Ritstjórn: **Harpa Júlíusdóttir** og **Hrund Gunnsteinsdóttir**  
Ábyrgð: **Tómas N. Möller**

Myndir frá Janúarráðstefnu 2020: **Anton Brink**

Myndir af stjórn og starfsmönnum Festu: **Valgarður Gíslason**

Myndir frá Loftslagsfundi 2020: **Sigurjón Ragnar**

Myndir frá Hvatningarverðalaunum jafnréttismála: **Samtök atvinnulífsins**

Myndir frá Samfélagsskýrslu ársins: **hag**

Myndir frá Framúrskarandi samfélagsábyrgð: **Óli Már**

esta  
stöð um  
félagsábyrgð

# t sem gerir áhrif

hópi leiðandi



**Halldór Þorgeirsson  
formaður Loftslagsráðs**



**Erla Tryggvadóttir  
varaformaður Festu**



**Krónan hlýtur  
viðurkenningu fyrir  
samfélagsskýrslu**



**Hrönn Ingólfssdóttir  
fyrrverandi formaður Festu**

**Gildi Festu**

# Heilindi

**Vinnum að heilindum í öllu því  
sem við tökum okkur fyrir hendur**

# Samvinna

**Stuðlum að samvinnu ólíkra aðila  
um samfélagsábyrgð og sjálfbærni**

# Hvatning

**Hvetjum hvert annað,  
erum opin i samskiptum  
og miðlum af reynslu**